



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd þriðjudaginn 4. nóvember á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Erla María Lárusdóttir, Reynir Lýðsson, Jóhann G. Sigurjónsson og Ragnar Már Björnsson. Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir tilkynnti forföll en ekki var unnt að fá varamann í hennar stað.

Þá sátu fundinn Bragi Þór Haraldsson byggingarfulltrúi og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Erla María formaður setti fundinn og stjórnaði honum sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skipulags- og byggingamál

a. Erindi frá Ungmennafélaginu Fram

Fyrir fundinum lá umsókn frá Umf. Fram um leyfi til byggingar Saunu við Bjarmanes. Um er að ræða byggingu sem verður 8x5 m að grunnfleti ásamt litlum palli í kring og mun húsið standa á 10 steiptum staurum. Það verður um 3,5 m á hæð og byggt í anda Árness. Teikningar vegna hússins eru tilbúnar en þær voru unnar af Esja Architecture. Teikningarnar liggja fyrir fundinum. Í erindinu kemur að uppbygging og rekstur saunnar verði í höndum ungmennafélagsins.

Nefndin ræddi fram komið erindi. Nauðsynlegt er að nákvæm staðsetning liggi fyrir og í kjölfarið þarf ungmennafélagið að leggja fram umsókn um stofnun lóðar til sveitarfélagsins vegna verkefnisins. Þá þarf að fá nákvæmari kostnaðargreiningu á þeim þáttum sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að.

b. Ræktunarlönd

Umfjöllun var um reglur sveitarfélagsins varðandi úthlutun og leigu á beitar- og ræktunarlöndum vegna fyrirspurna sem borist hafa sveitarfélaginu. Var sveitarstjóra falið að vinna að breytingum á gildandi reglum.

c. Umsókn um úthlutun lóðar

Fyrir fundinum lá umsókn frá Vigdís Heiðrúnu Viggósdóttur og Vilhelm Þór Þórarinssyni um úthlutun lóðar til byggingar frístundahúss að Hólabergi 2. Var afgreiðslu umsóknar frestað þar sem umsókn fellur ekki að gildandi reglum um úthlutun lóða í sveitarfélaginu. Var sveitarstjóra falið að hafa samband við umsækjendur.



d. Drög að gjaldskrá skipulags- og byggingamála

Fyrir fundinum lágu drög að gjaldskrá framkvæmdamála vegna 2026. Gert er ráð fyrir 3,2% hækkun á alla liði milli ára. Voru drögin lögð fram til kynningar.

2. Hafnarmál

a. Drög að gjaldskrá Hafnarsjóðs

Fyrir fundinum lágu drög að gjaldskrá Hafnarsjóðs vegna 2026. Gert er ráð fyrir 3,2% hækkun á alla liði milli ára. Voru drögin lögð fram til kynningar.

3. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 13:04

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Reynir Lýðsson

Erla María Lárusdóttir

Ragnar Már Björnsson

Bragi Þór Haraldsson

Jóhann Guðbjartur Sigurjónsson